



Pési

Næsti Pési kemur út í júní 2016. Efni þarf að berast í síðasta lagi **10.júní** 2016.



Frá Bókasafni Hrunamanna



Opið:

Mánudaga Kl. 20-21

Þriðjudaga Kl. 16-18

Miðvikudaga Kl. 16-18

Alltaf hægt að skila sifngögnum í skilalúguna ☺

Verið hjartanlega velkomin.

Bókasafn Hrunamanna

Félagsheimilinu

Sími: 480 6628

Netfang: bokasafn@fludir.is

Heimasíða: <http://bokasafn.fludir.is/>



Sundlaugin á Flúðum. Vetraropnun

Mánudaga til föstudaga: 17:00-21:00

Laugardaga og sunnudaga: 13:00-18:00

Tækjasalur í Íþróttahúsi. Frá 17. maí.

Mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga 17:00-20:00.

Lokað á miðvikudögum og föstudögum

Tækjasalurinn verður lokaður í júlí.



maí 2016
Ritstjóri og
ábyrgðarmaður
Jón G. Valgeirsson
Heimasíða: www.fludir.is

Umsjón. Svanhildur Pétursdóttir -
svanhildur@fludir.is

26. árgangur.
304.tölublað.
pesi@fludir.is.
Sími. 480 6600

Sveitarstjórapistill

Nú er maímánuður genginn í garð og vorið er að koma, svona hægt og bítandi. Vonandi er sólarfarið vísbending um gott sumar en í landbúnaðarhéraði eins og okkar skiptir veðráttan miklu máli fyrir ræktendur eins og venjulega.

Nú er búið að leggja fram ársreikning fyrir árið 2015 og hann afgreiddur af sveitarstjórn. Það varð afgangur af rekstri sveitarfélagsins sem nam rúmum 20 millj. sem er lítillega minna en áætlanir gerðu ráð fyrir. Helstu ástæður þess eru áhrif kjarasamninga og síðan urðu framkvæmdir meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Á móti kom að lág verðbólga og almenn góð rekstrarskilyrði hjálpuðu til að vinna það upp að einhverju leyti. Það er ánægjulegt að áætlanir um tekjur og útgjöld reyndust samt nokkuð raunhæfar og vil ég þakka starfsmönnum sveitarfélagsins sérstaklega fyrir góð störf til að gera þetta allt saman að veruleika. Það er nauðsynlegt að sveitarfélagið sé rekið skynsamlega og að afgangur dugi helst fyrir venjulegum fjárfestingum. Skuldahlutfall sveitarfélagsins hækkar að vísu á móti úr 82% í 94% en það kemur til út af lántökum vegna stækkunar íþróttahússins. Ég vona samt að verðbólgan haldist lág í framtíðinni, því samkvæmt reynslu síðustu ára er það aðal rekstrar- og kjarabót okkar allra.

Það urðu merk tímamót þann 16. apríl s.l. en þá varð Hitaveita Flúða 50 ára. Þetta merka fyrirtæki okkar allra er til fyrirmyndar og í raun ein af grunnstoðum samfélagsins. Það ber að þakka þeim frumkvöðlum sem stóðu að því að koma þessu öllu af stað á sínum tíma en sveitarfélagið hefur ekki rekið hitaveituna í sínu nafni allan tímann. Vonandi heldur Hitaveita Flúða áfram að þjóna íbúum og fyrirtækjum með góðum rekstri og lágum afnotagjöldum í komandi framtíð.

Af vettvangi stjórnarsýslunnar er það að segja að sveitarfélögin í Uppsveitum, Flóa og Ásahreppi eru búin að samþykkja að Tæknisvið Uppsveita verði hluti af skipulags- og byggingarfulltrúaembættinu. Þetta samlag er rekið í formi byggðasamlags og er það von okkar að til verði enn öflugri eining á þessu sviði og að til verði mikil þekking og upplýsingar innan sveitarfélaganna sjálfra.

Nú var tillaga að endurskoðun aðalskipulags Hrunamannahrepps samþykkt til auglýsingar á síðasta fundi sveitarstjórnar. Þessi vinna er því á lokametrunum en við hvetjum alla til að kynna sér aðalskipulagið og ef spurningar eða athugasemdir vakna að koma þeim til okkar eða skipulagsráðgjafa sveitarfélagsins. Hægt verður að nálagst upplýsingar um aðalskipulagið inn á heimasíðu sveitarfélagsins fludir.is.

Einn er sá málaflokkur sem maður þarf ávallt að minna sjálfan sig og aðra á að sinna vel. Það eru nú blessuð úrgangsmálin. Í tilefni rusladagsins þann 13. maí n.k. vil ég hvetja alla til að taka til hendinni, hvort sem er í skipulagðri dagskrá dagsins, eða að huga að eigin umhverfi og flokkun úrgangs í annan tíma. Þessi málaflokkur snertir bæði umhverfismál almennt og einnig ásýnd sveitarinnar. Við viljum fá sem flestan úrgang frá aðilum innan sveitarfélagsins á gámasvæðið á Flúðum eða á grenndarstöðvar okkar. Hins vegar misbýður okkur þegar ótengdir aðilar koma og farga úrgangi á gámasvæðinu sem er þá væntanlega á kostnað þeirra sem greiða úrgangsgjöld í sveitarfélaginu. Í fyrsta skipti hefur máli verið vísað til lögreglu til rannsóknar þar sem okkur misbauð að ótengdur aðili kom inn á gámasvæðið og reif niður hjólhýsi, reyndar yfir vökulum augum myndavéla. Ef slík eða önnur háttsemi heldur áfram gæti sveitarfélagið neyðst til þess að loka gámasvæðinu þannig að það yrði einungis opið á ákveðum opnunartímum með tilheyrandi þjónustuskerðingu.

Nú liggur fyrir í starfsmannamálunum að Lilja snýr til baka á skrifstofu Hrunamannahrepps í haust og kemur þannig úr árs fríi. Þá mun um næstu mánaðarmót hann Óskar Rafn Emilsson hefja störf hjá Hitaveitu Flúða og áhaldahúsi. Vonum við að með ráðningu hans komumst við sjálf yfir fleiri verkefni þar sem af nógu er að taka, m.a. vegna vinnu við móttöku á seyru á „Seyrustöðum“ fyrir okkur og sveitarfélögin í Uppsveitum og Flóa.

Að lokum vil ég minna á íbúafund sem haldinn verður í kaffistofunni í Félagsheimilinu þriðjudaginn 17. maí kl. 20:00. Þar verður fjallað um niðurstöðu ársreiknings sveitarfélagsins fyrir árið 2015 og einnig verður farið yfir hugmyndir vegna deiluskipulagsins í Gröf. Hvet ég alla áhugasama að mæta til skrafs og ráðagerða um málefni sveitarfélagsins.

Eigum góða tíma saman.

Jón G. Valgeirsson

Sveitarstjóri

Frá Hrossaræktarfélagi Hrunamanna

Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins var haldinn í febrúar, Stjormir Þór Þorsteinsson gaf ekki kost á sér til endurkjörs og í stað hans var kosinn Þorsteinn G. Þorsteinsson.

Stjórn félagsins skipti svo með sér verkum á fyrsta stjórnarfundum eftir aðalfund og er Þorsteinn formaður og aðrir áfram í sínum stöðum.

Að vanda voru veitt verðlaun fyrir ræktunar árangur félagsmanna fyrir hross í þeirra eigu:

Hæst dæmdi stóðhestur ársins 2015 var

Kvartett frá Túnshöfði
með einkunina 8,17.

Hæst dæmda hryssa ársins var Jarlhetta frá
Jaðri með einkunina 8,19

Ræktunarbú ársins 2015 var Jaðar með 136
stig útreiknað samkvæmt reglum um
ræktunarbú.

Einnig voru veitt auka verðlaun fyrir
gæðingshryssuna Hrófnu frá Hrafnkelsstöðum
1 sem hlaut í einkunn 8,48 og var hún hæst
dæmda 5 vetra hryssan á Íslandi árið 2015.

Hrafnu er ekki lengur í eigu ræktenda sinna og
er því ekki gjaldgeng í aðalverðlaunin.

Vísindaferð:

Stjórnin ákvað vegna þess hve erfitt er að finna lausa daga á vormánuðum að breyta til og fara í vísindaferðina í haust, en óákveðið er hvert haldið verður. Stefnt er að því ferðin verði í október eða nóvember.

Ungfolar:

Félagið tekur á móti ungfólum í girðinguna við ruslahaugana eins og undan farin ár. Sömu reglur gilda og í fyrra, þ.e. að folarnir séu í eigu félagsmanns og gildir skráð eignahald í Worldfeng og að félagsmaður sé búsettur í Hrunamannahreppi.

Pantið hjá Sigurði Hauk í síma 894-3059 eða skollagrof@skollagrof.is, vinsamlegast tilgreinið nafn og ISnúmer fola.





Flúðaskóli auglýsir eftir kennara til starfa



Kennara vantar í samtals 70% starf við Flúðaskóla. Um er að ræða 10 tíma heimilisfræðikennslu í 1. – 7. bekk og 8 tíma tónmennt og kór í 1. – 5. bekk.

Umsóknarfrestur er til 23. maí 2016.

Nánari upplýsingar gefur Guðrún Pétursdóttir skólustjóri í síma 4806611 eða tölvupósti gudrunp@fludaskoli.is.



Opið alla daga frá 1. maí

Verið hjartanlega velkomin!
Kaffi-Sel – Golskálanum Efra-Seli
Sími 486-6454/891-7811/661-5935

Óskum eftir starfsmanni til að vinna
á kvöldin og um helgar í sumar.

Heimasíða: www.kaffisel.is

Netfang: info@kaffisel.is

Facebook: kaffisel



Minum á rusladaginn
á föstudaginn 13. maí.



Clipart Of.com
#1070213



Hjörleifur Ólafsson
Raffræðingur Löggiltur rafverktaki

Fossi
Hrunamannahreppi
845 Flúðir

Sími 662 0530
Fax 486 6432
fossi@fossi.is



Nýr TAXI á svæðinu sem mun þjónusta
Grímsnesið, Bláskógabyggð, Hrunamannahr og
Skeiða og Gnúpverjahr.

Og allar sumarbústaðabyggðir á þessum svæðum
eftir bestu getu.

TAXI DRIVER

Sími: 7760810 & 7831224

VIOLA snyrtistofa
Högnastíg 1 Flúðum.

GUINOT húðvörur fyrir dömur og herra
ALESSANDRO naglalökk og gloss
Meðferðir: Andlitsbað – Húðhreinsun – Fótsnyrting
– Handsnyrting – Vaxmeðferðir – Litun og plokkun.
Tímapantanir í Síma 856-1599



Kynnið ykkur fjölbreytta viðburðadagskrá á
www.upplit.is –allir velkomnir



S.S. fréttir.

Aðalfundur Sláturfélags Suðurlands, fyrir árið 2015, var haldinn 18. mars sl. að Goðalandi í Fljótshlíð. Kjörnir fulltrúar úr Hrunamannadeild voru: Bjarni Valur Skippholti, Eiríkur Grafarbakka, Ólafur Hrepphólum, Jón Berghyl auk Jóhönnu á Hrafnkelsstöðum deildarstjóra. Esther á Sólheimum, varaskm S.S. sat einnig fundinn. Þrátt fyrir að afkoma félagsins versnaði á milli ára, telst reksturinn vel viðunandi, við erfiðar aðstæður, og standa bæði rekstur og fjárhagsstaða sterkt.

Verkfall dýralækna sl. vor, sköpuðu erfiðleika auk þess höfðu nýir kjarasamningar í för með sér aukinn launakostnað. Þá ríkir grimm samkeppni jafnt milli innlendirar framleiðslu og í vaxandi mæli við erlenda aðila vegna aukins innflutnings á kjöti. Því er mikilvægara en nokkru sinni fyrr, að standa saman, sem ein félagsheild, því spennandi tækifæra bíða líka ef við vöndum okkur. Sauðfjárþændum er bent sérstaklega á breytt verðhlutfall og fyrirkomulag á skipulagi sauðfjárslátrunar haustið 2016. Nánar um þau mál, og ársskýrsluna er að finna á vefnum www.ss.is. Að endingu eru ykkur, kæru viðskiptavinir Sláturfélags Suðurlands, færðar kærar kveðjur og þakkið fyrir ykkar tryggð við félagið.

Jóhanna Hrafnkelsstöðum.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband
Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabil 773-1626

Nesfrakt

Stóðhestar sumarið 2016.

Fyrri gangmál:

Hrafnar frá Auðsholtshjáleigu

IS2007187017,brúnn

Faðir: Aron frá Strandarhöfði

Móðir: Gígja frá

Auðsholtshjáleigu

Hann hlaut sinn hæsta

kynbótadóm 2013.

Sköpulag: 8,08 Hæfileikar: 8,72 Aðaleink: 8,46

Hann hefur einnig staðið sig vel í keppni og fengið hæst 8,81 í A-flokki gæðinga og 7,12 í fimmgangi.

Kynbótamat hans er 128.

Verð á folatolli ásamt girðingargjaldi og einni sónarskoðun 120.000 kr.m.vsk

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.740.



Seinna gangmál:

Kiljan frá Steinnesi

IS2004156286, rauðstjörnóttur
glófextur

Faðir: Klettur frá Hvammi

Móðir: Kylja frá Steinnesi

Hann hlaut sinn hæsta

kynbótadóm 2011.

Sköpulag: 8,35 Hæfileikar: 9,07 Aðaleink: 8,78

Hann hefur einnig staðið sig vel í keppni og fengið hæst 8,78 í A-flokki gæðinga og 7,23 í fimmgangi.

Kynbótamat hans er 123 og dæmd afkvæmi eru 22 og fékk hann 1. Verðlaun fyrir afkvæmi 2014

Verð á folatolli ásamt girðingargjaldi og einni sónarskoðun 136.400 kr.m.vsk

Félagsmannaafsláttur er krónur 16.740.



Óskum eftir 4ja herbergja húsnæði til langtíma leigu. Erum snyrtileg og reglusöm lítil fjöl-skylda. Frekari upplýsingar um okkar hagi í síma 663-9727 eða netfangið klarasveins@gmail.com



Tungnaréttir 10.september

Í ljósi þess að sláturleyfishafar hafa gefið út að auknar álagsgreiðslur til sauðfjárbænda verða mestar frá 31. ágúst til 16. september, samþykktu sauðfjárbændur í Biskupstungum á fundi 29. apríl sl. að fjallreiðardagur verði laugardagurinn 3. sept og Tungnaréttardagur þ.a.l. laugardaginn 10.sept. Óbreyttar tíma-setningar verða á seinni leitum. Stefnt er að því að Tungnaréttir verði eftirleiðis annan laugardag í september. Fjallskilanefnd Biskupstungna.



Umhverfi - Umhyggja

Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Til verðandi leikskólaforeldra

- ✓ Þeir sem hafa hug á því að sækja um vistun fyrir barnið sitt næsta vetur, vinsamlegast leggið inn umsókn **fyrir 20. maí 2016**.
- ✓ Hægt er að sækja um undanþágu frá 12 mánaða aldri.
- ✓ Umsóknareyðublöð er hægt að nálgast í leikskólanum og á heimasíðu leikskólans undraland.is
- ✓ Senda má umsóknina í töluvpósti á netfangið ingibjorg@undraland.is
- ✓ Gjaldskrá er aðgengileg á heimasíðu leikskólans.
- ✓ Vistunar- og dvalarreglur eru aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

Með kveðju Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri.

Opnunartími Versl. Strax.

Mánudaga til föstudaga	09:30-18:00
Laugardaga	10:00-18:00
Sunnudaga	11:00-17:00

Verið velkomin.

Starfsfólk Versl.Samkaup strax
á Flúðum.

Sími 486 6633

fludir@samkaupstrax.is <<mailto:fludir@samkaupstrax.is>>

Aðalfundur björgunarfélagsins Eyvindar

Aðalfundur Eyvindar verður haldinn í húsnæði félagsins
mánudagskvöldið 30. maí kl. 20:30. Dagskrá fundarins:

Venjuleg aðalfundastörf.

Nýjir og gamlir félagar hvattir til að mæta.

Stjórnin

Kæru sveitungar,

*Bragginn mun opna aftur fyrir sumarið þann 3. júní. Opnunartími í
sumar verður 11-18 alla daga.*

*Við munum hafa dagskránna eins og fyrri ár. Dögurður verður borinn
fram um helgar frá 11-14, göngu jóga með Láru verður um helgar 10-
11 og öll fimmtudagskvöld í júlí munum við svo að sjálfsögðu halda
Írsk-kaffikvöldin okkar og verður þá opið fram eftir kvöldi. Við
minnum sérstaklega á hestaslána og gerðið og
hvetjum alla til að fylgjast með viðburðum á*

[facebook síðu okkar](https://www.facebook.com/bragginn) og heimasíðu.

[bragginnstudio.is](https://www.bragginnstudio.is)

Sjáumst hress í sumar Bragga þíur



Nú er sumarið komið

...eða hvað?

UniversalSchale

Steinefnafata fyrir sauðfé



Lambatúttufötur og lambatúttur

5 túttu 8 L



Lamba-mjólkurduft



6 túttu 8 L



Merkilítir sprej 500 ml.

Litir: Blár - Rauður - Grænn

Merkilítir (stick)

Litir: Blár - Fjölublár - Grænn - Gulur - Orange - Rauður - Svartur

Lambapeli 1 líter



Skammtasprautur



Inngjafasprautur



"Klaufa" klippur



Sáðvörulistinn 2016

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð ánsk.	Verð prágk ánsk.
Vallarfoxgras				
Vega	25-30	25	659	
Grindstad	25-30	25	715	
Tuukka	25-30	25	645	
Vallarsveifgras				
Miracle	25-30	25	770	
Vingull				
Túnvingull Gondolin	25-30	25	580	
Hávingull Pradel	25-30	25	790	
Grasfræblöndur				
Stólpablanda I Fyrir kýr*	25-30	25	715	
Stólpablanda II Fyrir fé og belt**	25-30	25	730	
Stólpablanda III Hávingulsblanda***	25-30	25	790	
Fjólært rygresi				
Mathilde	25-30	25	435	
Sumarrýgresi				
Bartigra	25-30	25	387	
Vetrarrýgresi				
Barmultra	25-30	25	385	

Yrki	kg/ha	kg/sekk	Verð ánsk.	Verð prágk ánsk.
Sumarrepja / Vetrarrepja / Fjóðurnæpa				
Sumarrepja Pluto	10-18	10	1.050	
Vetrarrepja Barooli	8-10	25	465	
Vetrarrepja Akela	8-10	25	395	
Fjóðurnæpa Samson	1,5	1	930	
Hafrar				
Domenic	180-200	50/500	115	
Cilla	180-200	30	110	
Belgjurtir - Hestabaunir - Ertur - Hvít- og Rauðsmári				
Ertur Javlo	200-225	500	155	
Hestabaunir Colombo <i>NYJUNG</i>	180-200	25	190	
Hvítsmári Rivandel	5-6	10	1.250	
Rauðsmári Suez	5-6	10	1.645	
Bygg 6 raða				
Aukusti 6 raða	180-200	700/30	110	
Filippa 2ja raða	180-200	700	115	
Tamtam 2ja raða	180-200	50	105	
Salome 2ja raða	180-200	700 / 30	110	
Vorhveiti				
Vorhveiti Amaretto	180-200	500	135	
Vorhveiti KWS Bittern	180-200	500	130	



NYJUNG HESTABAUNIR

Löng hefð er fyrir ræktun á hestabaunum í heiminum en ásamt linsubaunum og kjúklingabaunum eru hestabaunir taldir mjög auðveldar í ræktun. Hestabaunir gera ekki miklar kröfur til jarðvegsgerðar. Hestabaunir eru köfnunarefnisjurt svipuð og ertur en Landstólpi hefur verið að þróa áfram ræktun á ertum sem grænifóði um nokkurt skeið með góðum árangri. Norðmenn hafa verið að rækta hestabaunir með vorhveiti sem heilsaði síðastliðin ár og uppskorið sterku- og próteinríkt fóður. Við höfum fulla trú á að þessi ræktun henti íslenskum aðstæðum.



Gunnbjarnarholli,
801 Selfoss
Sími 480 5600

Uppsveitadeild Loga, Smára og Trausta, lauk þann 8. apríl síðastliðinn í Reiðhöllinni Flúðum, með keppni í tölti og fljúgandi skeiði.

Áhorfendapallar voru þétt setnir þegar forkeppnin í tölti hófst. Að henni lokinni stóðu Sólon Morthens og Ólína frá Skeiðvöllum efst með 7,30, en rétt á eftir voru Matthías Leó Matthíasson og Dáð frá Jaðri með 7,27. Efst í B - úrslitum urðu Jón William Bjarkason og Stjörmunótt frá Litlu Gröf með einkunnina 6,77. Þau gáfu síðan ekkert eftir í A - úrslitum og enduðu þar í öðru sæti með 7,56, á eftir Sóloni og Ólínu sem fengu 7,61. Matthías Leó og Dáð urðu í þriðja sæti með einkunnina 7,44, Guðjón Sigurðsson og Lukka frá Bjarnastöðum í því fjórða með 7,00 og Finnur Jóhannesson og Körtur frá Torfastöðum í fimmta sæti með 6,78 í einkunn.

Glæsilegir skeiðsprettir sáust í keppni í flugskeiði. En þar kom sá og sigraði ungur og efnilegur knapi, Arný Oddbjörg Oddsdóttir með hestinn Fálka frá Stóra Hofi. Hún gerði sér lítið fyrir og fór alla sína spretti á undir 3 sekúndum. Sigursprettinn fór hún á 2,96 sekúndum. Í öðru sæti var Guðjón Hrafn Sigurðsson á Hrafnhettu frá Minni-Borg með tímann 2,98 sekúndur. Í þriðja sæti varð Finnur Jóhannesson sem rann skeiðið á 3,03 á Tinnu Svört frá Glæsibæ. Allt ungir og efnilegir knapar sem eiga framtíðina fyrir sér.

Lið Hrosshaga / Sunnuhvals réð lögum og lofum á lokakvöldi Uppsveitadeildarinnar. Liðsmenn unnu bæði tölt og skeiðkeppnina. Í stigakeppni knapa urðu þeir Sólon Morthens og Arnar Bjarki Sigurðarson í tveimur efstu sætum og liðið varð efst í stigakeppni liðanna. Glæsilegur árangur hjá liðinu.

Lokastaðan í stigakeppni liða varð þessi:

1. Hrosshagi / Sunnuhvoll	217 stig
2. Pálmatré	192,5 stig
3. Vesturkot	172 stig
4. Kílhraun	151 stig
5. Landstólpi	131,5 stig
6. Lið Límré Vínets	120 stig
7. JÁVERK	101,5 stig
8. Brekka / Dalsholt	97 stig

Efstu knapar í einstaklingskeppninni eru þessi:

1. Sólon Morthens	81,5 stig
2. Arnar Bjarki Sigurðarson	79,5 stig
3. Matthías Leó Matthíasson	69 stig
4. Guðjón Sigurliði Sigurðsson	64,5 stig
5. Finnur Jóhannesson	61 stig
6. Jón William Bjarkason	59,5 stig
7. Rósa Birna Þorvaldsdóttir	59 stig
8. Árný Oddbjörg Oddsdóttir	56 stig
9. Guðmann Unnsteinsson	55 stig



Frekari úrslit, viðtöl og myndir má finna á vefsvæði og facebook síðu Reiðhallarinnar Flúðum, www.reidhollin.is, [facebook.com/reidhollinfludum](https://www.facebook.com/reidhollinfludum).



Hrosshagi / Sunnuhvoll
Sigurvegarar Uppsveitadeildarinnar 2016.



Sigurvegarar í fljúgjandi skeiði



Efstu knapar í einstaklingskeppni Uppsveitadeildarinnar 2016



Sigurveggar í tölti

Skrifstofa Hrunamannahrepps.

Opnunartími .

Mánudaga til fimmtudaga: 09:00-12:00 og 13:00-16:00

Föstudaga: 09:00-12:30

Símanúmer Heilsugæslustöðvarinnar
í Laugarási **432-2770.**

Aðalnúmer Heilbrigðisstofnunar á Selfossi 432-2000

Flutningaþjónusta Unnars



Sími: 856 1580 • Netfang: vondull@simnet.is



Hár-Hrun

Klippi í Félagsheimili Hrunamanna
Vinsamlegast pantið tíma

í síma: 486-5535 og 899 9665 Inga Birna.

Fótaaðgerðarstofan Heimalandi auglýsir!

Er við á miðvikudögum

Pantanir í síma: 863 0433.

Athugið!! gjafakort til sölu.

Allir velkomnir!

Sólveig Jóhannsdóttir Löggiltur fótaaðgerðarfræðingur



Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

LAUGARVATN
fontana

Heilsulind frá landsmári

Uppsprettan 2016

Byggðahátíð í Skeiða – og
Gnúpverjahreppi helgina 18-19. júní.

Brokk og skokk · Partý með Magga Kjartans

Landsleikur Em 2016, Ísland-Ungverjaland, á stóra tjaldinu

Leikhópurinn Lotta · Uppsprettumáltíð til sölu

Rattleikur fyrir alla fjölskylduna · Fróðlegir fyrirlestrar

Bjástrað á bæjunum - listmunir og afurðir · Myndbandamaráðon

Hoppukastali og klifurveggur

Hátíðin fer fram í Árnesi.

**Bjóðum nærsveitunga og aðra gesti
hjartanlega velkomna !**



Menningar- og æskulýðsnefnd

Vinnuskóli

Verður starfræktur frá 13. júní til og með 15. júlí í sumar.

Miðað er við að umsækjendur séu fæddir
á árunum 2000 –2002.

Skriflegar umsóknir þurfa að berast fyrir 27. maí
á Skrifstofu Hrunamannahrepps.

Nánari upplýsingar í síma 480 6600

eða á netfang: hruni@fludir.is



© Can Stock Photo - csp0941881

Starfsmaður í Félagsmiðstöð og fyrir UMFH!!

Um er að ræða 80% starf, 60% starf í Félagsmiðstöðinni Zero vegna
fæðingarorlofs og 20% starf fyrir UMFH vegna ýmissa verkefna.

Upplýsingar hjá sveitarstjóra í síma 480 6600 eða á skrifstofunni á
skrifstofutíma.

Hestheimaferð Loga og Smára.

Helgina 28/5 og 29/5 ætlum við að fara aftur í okkar geysi vinsælu hestabúðir í Hestheimum. Eins og áður verður fjölbreytt dagskrá með reiðtúrum, bóklegrri og verklegi kennslu, kvöldvöku og skemmtilegri samveru. Þetta tókst einstaklega vel í fyrra, þá var fyrsta skipti sem Smári og Logi fóru saman í Hestheima. Það er miðað við að börnin séu 10 ára og eldri. Ætlast er til að börnin séu vel hestvön. Verðið er mjög hagstætt 13.000 á barn og er allt innifalið. Ef þið þurfið að leigja hest þá er gjaldið 2.000 kr aukalega.

Við ætlum að biðja foreldra að bjóða fram aðstoð með hverju barni sem er skráð. Þetta er allt sjálfboðavinna og hefur stundum verið erfitt að manna vaktirnar. Það er mjög gaman að taka þátt í þessu með krökkunum og geta allir haft gaman að. Við þurfum foreldra/frænkur/frændur/ömmur/afa til að manna alla reiðtúrana, aðstoða við að leggja á, aðstoð við að skreyta hestana (fléttur, borðar, glimmer og annað skemmtilegt!) aðstoð við bóklega kennslu, aðstoð við að setja upp sýninguna, næturgæslu (sérstaklega fyrir þau börn sem ekki eru vön að sofa annars staðar). Þannig að ef allir foreldrar bjóða fram 4-5 tíma aðstoð þá er þetta ekkert mál. Endilega látið vita hvað þið viljið helst gera.

Dagskrá:

Laugardagsmorgun 28/5. Mæting með hestana kl. 8:30 og þá verður strax byrjað að raða niður í hópa.

Það mun vera full dagskrá: kennsla, reiðtúrar, kvöldvaka, skemmtiatriði, spurningakeppni, fleiri??

Gisting í svefnpokum.

Sunnudagurinn 29/5. Undirbúningur fyrir hestasýningu. Stilla upp atriði, skreyta hestana, finna tónlist osf.

Kaffi og sýning fyrir foreldra kl. 16:00 Heimferð.

Endilega hafið samband ef upp koma spurningar.

Skráning með nafn og kennitölu fyrir hvert barn á : smarakrakkar@gmail.com

Athugið að takmörkuð pláss eru í boði og krakkarnir þurfa að vera skráðir í hestamannafélagið.

Kveðja - Æskulýðsnefnd Smára

Frá Hrunaprestakalli

Gleðilegt sumar kæru sveitungar.

Framundan eru fermingar á hvítasunnu og síðan þrjár guðsþjónustur í presta-kallinu í júnímánuði, fram að sumarleyfi. Dagskráin er sem hér segir:

15. maí – hvítasunnudagur: *Ferming* í Stóra-Núpskirkju kl. 11 (fermd verða Kolbeinn Loftsson og Anna Birta Schougaard).

Ferming í Hrepphólakirkju kl. 12:30 (fermd verða Máni Snær Benediktsson, Kristjana Sigmundsdóttir og Jónas Guðmundsson)

Ferming í Ólafsvallakirkju kl. 14 (fermd verða Ásgrímur Örn Jónasson og Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir).

16. maí – annar í hvítasunnu: *Ferming* í Hrunakirkju kl. 11 (fermdar verða Margrét Lilja Thorsteinson og Perla María Karlsdóttir).

5. júní: *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30.

14. júní (þriðjudagur): *Kvöldmessa* í Hrunakirkju kl. 20:30 í tengslum við vísitasíu vígslubiskups og prófasts í Hrunaprestakalli.

17. júní: *Helgistundir* í tengslum við hátíðahöld í sveitarfélögnum tveimur.

19. júní: *Guðsþjónusta* í Stóra-Núpskirkju kl. 11. *Kvöldmessa* í Hrepphólakirkju kl. 20:30.

Messuhlé verður gert í júlímánuði en fyrstu messur eftir sumarleyfi verða um miðjan ágúst og verða þær nánar auglýstar síðar. Ég minni á heimasíðu prestakallsins hruni.is og einnig á fésbókarsíðuna - facebook.com/hrunaprestakall.

Með ósk um gleðiríkt og gjöfult sumar.

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Frá FEH
Gönguferðir
eru á þriðjudagsmorgnum. Lagt af stað frá
Félagsheimilinu kl. 10:30. Ganga við allra hæfi.
Sumarkveðja,
stjórnin.



Sumarferð.

Hin árlega sumarferð Félags eldri Hrunamanna
verður farin mánudaginn 11. júlí.

Eins dags ferð. Farið verður um Rangárvallafrétt og Emstrur.

Innifalið í kostnaði ferðarinnar er nesti til dagsins.

Kvöldverður að Smáratúni í Fljótshlíð. Reyndur og kunnugur fararstjóri.


Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu
kl. 9:00.

Þátttaka tilkynnist til

Bubbu og Magnúsar

í síma: 486 6670 eða 862 3674

í síðasta lagi 4. júlí.



Frá Búnaðarfélagi Hrunamanna

Við viljum minna á tækjaleigu Búnaðarfélagsins. Í vor var keypt ný 3.300 gallona haugsuga og flaghefillinn endurnýjaður. Rétt er að minna á, að ef tækjum er skilað skítugum er innheimt 15.000 kr. hreinsunargjald. Sérstaklega er áriðandi að skila hestakerrunni hreinni þar sem hún fer landshluta á milli. Tækin eru staðsett á Hrafnkelsstöðum og Birtingaholti 1 og sjá Aðalsteinn og Bogi Pétur um tækin. Pantanir eiga að berast til þeirra. Hestakerrur eru staðsettar á Hrafnkelsstöðum.

Ýtan er í umsjón Grétars Skúlasonar og eiga pantanir að berast til hans í síma 894-7208.

Nánari upplýsingar eru hjá Aðalsteini í síma 898-1591,
Boga Pétri í síma 867-1600 og Þórunni í síma 860-1329.

Frá félagi eldri Hrunamanna

Okkar árlega handverkssýning var
í Félagsheimili Hrunamanna laugardaginn

23. apríl 2016.

Sýningin var vel sótt og tókst í alla staði mjög vel.

Sérstakur gestur á sýningunni var Guðbjörg Björgvinsdóttir.

Sýndi hún mjög fallegt safn af postulíni sem hún hefur unnið í gegnum árin, ásamt ýmsu öðru handverki. Vakti sýning hennar óskipta athygli.



Öllum sem komu að sýningunni og unnu að því að gera hana sem glæsilegasta eru færðar bestu þakkir.

Kærar kveðjur,

Starfsfólk.



GRÍMSÆVINTÝRI

6. ágúst



Grímsævintýri á Borg, 6. ágúst 2016

Við í Kvenfélagi Grímsness erum byrjaðar að huga að Grímsævintýrum á Borg sem verða 6. ágúst. Tombóla, fjölskylduhátíð, handverks- og matarmarkaður. Við byrjum á að taka við borðapöntuninum á markaðinn 25. maí, nánari upplýsingar og borðapantanir fara í gegnum netfangið: grimsaevintyri@gmail.com.

Ertu með þína framleiðslu í handverki eða mat sem þú vilt selja? Endilega bókaðu borð á Grímsævintýrunum.

Lítið borð: 3.500kr Stórt borð: 4.500kr

****OPNUM FYRIR bókanir 25.maí****

Fylgstu með viðburðinum á Facebook – Grímsævintýri 6. ágúst 2016



Ragnheiður Einarsdóttir
Íþróttamaður UMFH 2016



Æsispennandi lokakeppni Uppsveitadeildar æskunnar lauk laugardaginn 7. maí með keppni í smala og skeiði í Reiðhöllinni á Flúðum.

Jafnari hefði stigakeppnin ekki getað verið í efstu sætum beggja flokka.

Æskulýðsnefndir Smára og Loga þakka kærlega þeim fjölmörgu sem lögðu hönd á plóg.

Smali Barnaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Stig
1	Þórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1	Smári	290
2	Aron Ernir Ragnarsson	Erró frá Neðra-Seli	Smári	285
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Ísdögg frá Miðfelli 2	Smári	275
4	Matthías Jens Ármann	Mávur frá Stóra-Vatnsskarði	Logi	260
5	Hjörtur Snær Halldórsson	Gyðja frá Hrepphólum	Smári	250
6	Laufey Ósk Grímsdóttir	Aldís frá Ásatúni	Smári	240
7	Valdimar Örn Ingvarsson	Kóngur frá Fjalli	Smári	240
8	Anna-Lovisa Duerholt	Rauðhetta frá Höskuldsstöðum	Smári	230
	Hildur María Jóhannesdóttir	Sóley frá Áskoti	Logi	
	Eyþór Ingi Ingvarsson	Prins frá Fjalli	Smári	
	Freyja Linda Andrea Mattsson	Bardagi frá Kópavogi	Logi	
	Arnaldur Ármann	Dalrós frá Efra-Seli	Logi	
	Jón Valgeir Ragnarsson	Þyrnir frá Garði	Smári	

Smali Unglingaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Stig
1	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Eyja frá Bræðratungu	Logi	300
2	Sölvi Freyr Freyðisaron	Áslaug frá Ármóti	Logi	290
3	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Frigg frá Hamraendum	Logi	250
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Dama frá Fjalli 2	Smári	240

Flugskeið Unglingaflokkur

Röð	Knapi	Hestur	Aðildafélag	Timi
1	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Skemill frá Dalvík	Logi	3.01
2	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Lukka frá Gýgjarhóli	Logi	3.58
3	Sölvi Freyr Freyðisaron	Melrós frá Bræðratungu	Logi	3.80
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Dama frá Fjalli 2	Smári	x
	Aron Ernir Ragnarsson	Sólrun frá Efra-Langholti	Smári	3.80
	Þórey Þula Helgadóttir	Topar frá Hvammi 1	Smári	4.57
	Þorvaldur Logi Einarsson	Ísdögg frá Miðfelli 2	Smári	4.66

Stigasöfnun			Samtals	Þrig	Fjórg	Fimmg	Tölt	Smali	Skeið
Barnaflokkur									
1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	34	4	10		10	10	
2	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	34	10	9		7	8	
3	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	34	8	8		9	9	
4	Laufey Ósk Grímsdóttir	Smári	22.5	6.5	4		8	4	
5	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	22	3	7		6	6	
6	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	21.5	6.5	5		5	5	
7	Jón Valgeir Ragnarsson	Smári	15	9	6				
8	Matthías Jens Ármann	Logi	7	0					7
9	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	7	2	2				3
10	Salka Kristín Jónsdóttir	Logi	5	5					
11	Fróði Larsen	Logi	3		3				
12	Ingibjörg Bára Pálsdóttir	Smári	1	1					
Unglingaflokkur									
1	Sigríður Magna Kjartansdóttir	Logi	45		9	10	7	10	9
2	Rósa Kristín Jóhannesdóttir	Logi	44		7	9	10	8	10
3	Sölvi Freyr Freydísarson	Logi	43		10	7	9	9	8
4	Einar Ágúst Ingvarsson	Smári	34		6	8	6	7	7
5	Eva María Larsen	Logi	22		8	6	8		
Smári			225	50	57	8	51	52	7
Logi			169	5	37	32	34	34	27



Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjapjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í

reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

Gönguferðir í Hrunamannahreppi 2016



Ferða- og menningarnefnd Hrunamannahrepps kynnir hér gönguferðir sumarsins 2016. Þetta er fimmtánda sumarið sem boðið er upp á þessar ferðir. Ferðirnar eru alls átta talsins, þetta sumarið er boðið upp á nokkrar ferðir sem ekki hafa verið farnar áður á vegum nefndarinnar. Allar ferðirnar verða á miðvikudagskvöldum í sumar nema sú síðasta sem er dagsganganiður með Laxárgljúfri. Allir eru hjartanlega velkomnir.

1.ferð sumarsins er 22. júní.

Farið er um Brúarhlöð-Haukholt-Hvítárdalur um Kóngsveginn.

Lagt af stað kl. 20:00 frá Brúarhlöðum og farið um gamla Kóngsveginn sem ekki er farinn á hverjum degi. Mjög falleg leið niður með Hvítá þar sem skiptist á beljandi áin í þröngu gljúfrinu og síðan ganga um fallegan birkiskóg. Þægileg ganga fyrir alla aldurshópa. Áætlaður göngutími er 2-3 klst. Fararstjórar: Sigríður og Halldóra,Fossi.

2. ferð. 29. júní Miðfell.

Gengið frá bænum Miðfelli kl. 20:00 upp á fellið. Af fellinu er mikið og fagurt útsýni. Sú trú er að í Miðfellsvatni, sem er uppi á fellinu, sé nykur og hver veit nema hann láti sjá sig. Gangan er frekar brött en nokkuð auðveld og hafa allir aldurshópar farið á fellið.

Áætlaður göngutími er 2-3 klst.

Fararstjóri: Áslaug Bjarnadóttir, Miðfelli.

3. ferð 6. júlí. Skollagróf- Bryðjuholt

Lagt er af stað frá Skollagróf kl. 20:00 og bakkar Hvítár þræddir, Flosatraðir skoðaðar og endað í Bryðjuholti. Þessi leið er ekki erfið en býður upp á skemmtilega sýn yfir Hvítá og fuglalíf. Engin fell eru á leiðinni en getur orðið blaut í rigningu.

Áætlaður göngutími 2-3 klst.

Fararstjóri: Daði Geir Samúelsson, Bryðjuholti.

4. ferð 13. júlí. Gengnar gamlar leiðir.

Ferjuleiðin úr Hrunamannahreppi að Auðsholtsferju.

Gengið er eftir Hvítárbökkum frá Markósi niður á móts við Auðsholtshamar.

Leiðin er full af sögum, af flóðum í Hvítá, ferjunni, biskupsstólnum, landadeilum og öðru því sem upp kemur í mannlegum samskiptum. Mæting er við Auðsholt 5 (Heiðu hús) kl. 20:00. Þaðan verður lagt af stað á upphafsreit.

Mjög þægileg ganga sem hentar öllum í fallegu umhverfi Hvítár

Áætlaður göngutími er ca. 2 klst.

Fararstjóri er Guðmundur Gils Einarsson (Gilli)

5. ferð 20. júlí. Berghylur-/ Fagridalur.

Lagt er af stað kl. 20:00 frá Berghyl, þaðan er gengið upp á Berghylsfjallið gengið er inn með fjallinu, horft er niður í Fagradal og jafnvel gengið þangað niður. Uppi á fjallinu er mjög fallegt og víðsýnt til allra átta.

Þetta er þægileg ganga fyrir alla aldurshópa í fallegu grónu landsvæði, sem ekki er í alfaraleið.

Áætlaður göngutími er um 2-3 klst.

Fararstjórar eru Anna María og Jón, Berghyl.

6. ferð 3. ágúst. Birtingaholt- Langholtsfjall.

Er farin frá Birtingarholti 3 kl. 20:00 þaðan er gengið upp á Langholtsfjall.

Þetta er ganga sem er frekar á fótinn þar sem gengið er beint upp á fjallið austanmegin. Uppi á Langholtsfjalli er stórkostlegt útsýni. Ferðahraðinn er þægilegur og ætti að henta flestum.

Áætlaður göngutími er um 2 ½ - 3 klst.

Teknar verða nokkrar léttar yoga æfingar á leiðinni.

Fararstjóri er Lára Hildur Þórsdóttir, Birtingaholti 3.

7. ferð 10. ágúst. Sólheimar- Galtafell

Lagt er af stað frá Sólheimum kl. 20:00. Bílum er lagt á plani við rörhliðið hjá fjárhúsinu á Sólheimum. Gengið er þaðan upp á Galtafell og að tveim vörðum sem eru uppi á Galtafelli. Þar er víðsýnt til allra átta. Þetta er frekar þægileg og róleg ganga fyrir alla aldurshópa.

Áætlaður göngutími er um 2-3. klst.

Fararstjóri Erla Jóhannsdóttir, Sólheimum.

8. og síðasta ferð sumarsins 20. ágúst er Stóra-Laxárgljúfur ganga.

Þetta er dagsganga.

Ath. það verður bara farið í þessa einu Stóru-laxárgljúfur göngu þetta sumarið. Ekið er inn í afrétt Hrunamanna og gengið niður með hinu stórkostlega gljúfri Stóru-Laxár en það er rómað fyrir náttúrufegurð. Endað er við Hrunakrök þar sem bílar sækja göngufólk. Ógleymanleg ganga. Gangan er hugsuð sem náttúrusköðun. Gangan er í samstarfi við Upplit menningarklasa uppsveita Árnassýslu. **A.t.h. það þarf að panta í þessa ferð í síma 8226617.**

Gera þarf ráð fyrir einhverjum kostnaði, sem verður auglýstur síðar er hann fyrir akstri og leiðsögn.

Dagsetning og nánari upplýsingar verða settar á www.sveitir.is, www.fludir.is, www.upplit.is og Fésbókarsíðu Upplits.

Gangan tekur ca. 8 klst.

Fararstjóri er Helgi Már Gunnarsson, Flúðum.

ÍBÚAFUNDUR!!

Íbúafundur verður haldinn í Félagsheimilinu á Flúðum þriðjudaginn 17. maí nk. kl. 20:00. Kynntar verða niðurstöður ársreiknings 2015. Hægt er að nálgast ársreikninginn á heimasíðu Hrunamannahrepps www.fludir.is

1. Auðunn Guðjónsson endurskoðandi mun mæta á fundinn og fara yfir helstu liði ársreikningsins.
2. Kynning á deiliskipulagsvinnunni í Gröf. Oddur og Svanhildur hjá Landform fara yfir málin.
3. Umræður og önnur mál.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps



Hrunamannahreppi, 845 Flúðir, Sími 480 6620, Netfang: undraland@undraland.is

Deildarstjóri og leikskólakennarar óskast

Leikskólinn Undraland á Flúðum óskar eftir að ráða deildarstjóra í 100% starf, einnig eru lausar stöður leikskólakennara.

Leikskólinn Undraland er þriggja deilda leikskóli og er staðsettur á Flúðum. Við skólann stunda rúmlega 40 börn nám. Við störfum eftir hugmyndafræði Reggio Emilia með útikennslu að leiðarljósi. Við leggjum áherslu á þarfir barnanna til fjálsra leikja og getu þeirra til að skapa og upplifa. Náttúran og umhverfið sem við búum í eru nýtt til rannsókna og leikja.

Menntun:

Umsækjendur þurfa að hafa lokið leikskólakennaranámi eða tilskilinni menntun.

Hæfni:

Kennarar og starfsmenn leikskólans þurfa að búa yfir færni í mannlegum samskiptum, sýna frumkvæði, sjálfstæði og hafa metnað fyrir starfi sínu. Vinna að uppeldi og menntun barnanna í samræmi við námskrá leikskólans og geta unnið í nánú samstarfi við stjórnendur leikskólans.

Launakjör:

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitafélaga og Félags leikskólakennara.

Einnig er laus 80% staða í eldhúsi.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um hjá okkur.

Umsóknareyðublöð má nálgast á heimasíðu skólans og hjá leikskólastjóra. Vinsamlegast sendið inn umsókn á netfangið ingibjorg@undraland.is. Nánari upplýsingar um störfin veitir Ingibjörg Bjarney Baldursdóttir leikskólastjóri í síma 480-6620.



Hellisholtalækur.



Trjákuril á gámasæðinu.

FURÐUBÁTAKEPPNI

VERSLUNARMANNAHELGIN 2016



SKRÁNING HAFIN!



SKRÁNING **KEPPT ER Í 2 FLOKKUM**

SENDIST

MEÐ

16/16

OG YNGRI

OG ELDRI

VERTU

MEÐ!

TÖLVUPÓSTI

SKRÁÐU ÞIG NÚNA

Á NETFANGIÐ: FLUDIR@SONUS.IS MEÐ

UPPLÝSINGUM UM: FJÖLDA KAPTEINA AUK HEITIS OG ALDURS / HEITI BÁTS / SAGA AF ÁHÖFNINNI (VAL)